

100  
17. ágúst

## REGLUGERÐ

um breyting á fjallskilareglugerð Norður-Þingeyjarsýslu  
austan Jökulsár frá 7. september 1921.

Við 9. gr.

Fyrir nöfnin „Hvirfilvallarétt og Flautafellsrétt“ komi: Tungurétt og Garðsrétt.

Við 21. gr.

Í stað orðanna „fern fjallskil“ komi: þrenn fjallskil.

Við 22. gr.

Orðin „og 4. fjallskila 16. október“ falli niður.

Við 27. gr.

Í stað orðanna „um leið og önnur, þriðja og fjórða fjallskil fara fram“ komi:  
um leið og fjallskil fara fram.

Við 29. gr.

Á eftir orðunum „nú kemur fjárrekstur til manns frá næsta bæ“ bætist: eða hreppi o. s. frv.

Við 31. gr.

og þær breytingar, sem síðar hafa verið á henni gerðar:

Orðin „fyrir lamb hvert .... hrút eldri en veturgamlan kr. 10.00“ (incl.) falli burt. Í stað þeirra komi:

Fyrir lamb hvert .....	kr.	4.00
— veturgamla kind .....	—	6.00
— dilká með dilk .....	—	9.00
— dilká með 2 dilkum .....	—	12.00
— mylka á .....	—	5.00
— gelda á .....	—	6.00
— sauð 2ja vetra og eldri .....	—	7.00
— hrút eldri en veturgamlan .....	—	10.00

og aftan við greinina bætist:

Sýslunefndin samræmi fundarlaunin við verð fjárins á hverjum tíma.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1938.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*